

180. aðalráðstefna

Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu

október 2010

Heilagur andi og opinberun
Öldungur Jay E. Jensen
í forsætisráði hinna Sjötíu

Ég hafði, sem ungur trúboði, verið í um eitt ár í trúboði, lesið ritningarnar og orð síðari daga postula um opinberun og heilagan anda, þegar ég gerði merkilega uppgvötun: Persónulega átti ég ekki eigin vitnisburð, sér í lagi um föðurinn og soninn. Ég hafði nærst á lánuðu ljósi dásamlegra foreldra minna þegar ég fór í trúboð mitt. Ég hafði ekki hugsað út í að leita eigin andlegrar staðfestingar, því ég efaðist aldrei um orð þeirra. Það var á febrúarkvöldi árið 1962 í San Antonio, Texas, sem ég vissi að ég þyrfti að fá vitneskju fyrir mig sjálfan. Ég fann stað í litlu íbúðinni okkar, þar sem ég gat farið hljóðlátlega með bæn upphátt. Ég bað: „Himneskur faðir, ert þú þarna? Ég verð að fá vitneskju fyrir mig sjálfan!“

Nokkru síðar þetta kvöld komst ég að þeirri vitneskju, í fyrsta skipti á ævinni, að Guð og Jesús eru raunverulegir. Ég hvorki heyrði heyrnlega rödd, né sá himneska veru. Ég vissi á sama hátt og þið hafið sennilega líka fengið að vita – það er með „ólýsanleg[ri] gjöf heilags anda“ (K&S 121:26) og anda opinberunar (sjá K&S 8:1–3), sem færði mér hugarró (sjá K&S 6:23) og fullvissu í hjarta (sjá Alma 58:11).

Eftir þetta reyndi ég sjálfur ráðleggingu Alma, að „vakna og vekja hæfileika [mína] til lífs með því að gjöra tilraun með orð [hans]“ (Alma 32:27). Þau orð eða sáðkorn hafa vaxið og orðið að trjám, já, risavöxnum vitnisburðartrjám. Ferlið heldur áfram með áframhaldandi tilraunum með orðið, sem leiðir til fleiri vitnisburðartrjáa, nú er þetta orðið raunverulegur skógur, byggður á opinberun frá heilögum anda.

Heilagur andi er gjöf sem við ættum að þrá

Frelsarinn kallaði tólf lærisveina þegar hann heimsótti Ameríku. Hluti af boðskap hans til þeirra og fólksins fjallaði um heilagan anda. Frelsarinn yfirgaf fólkið eftir að hafa kennt því og lofaði að koma aftur næsta dag. Alla nóttina lagði fólkið mikið á sig við að safna saman eins mörgum og mögulegt var til að hlýða á hann.

Lærisveinarnir söfnuðu fólkinu saman í tólf hópa til að kenna því það sem frelsarinn hafði kennt lærisveinunum. Megináherslan í kennslu þeirra var mikilvægi heilags anda. (Sjá 3 Ne 11–18). Síðan kraup fólkið og bað bænar. Hjartans þrá þess var að öðlast heilagan anda. (Sjá 3 Ne 19:8–9).

Frelsarinn birtist því og lagði frekari áherslu á mikilvægi heilags anda er hann bað til föðurins:

„Faðir, ég þakka þér fyrir að hafa veitt þeim, sem ég hef útvalið, heilagan anda.

Faðir, ég bið þig að veita öllum þeim, sem á orð þeirra trúu, heilagan anda“ (3 Ne 19:20–21).

Með þetta atvik úr Mormónsbók í huga, skil ég betur af hverju Wilford Woodruff forseti sagði: „Gjöf heilags anda er stærsta gjöf sem manningnum getur hlotnast. ... [Sú gjöf] er ekki einungis fyrir menn eða postula eða spámenn, heldur er hún aðgengileg hverjum trúföstum karli og konu, og hverju barni sem er nægilega gamalt til að taka á móti fagnaðareri Kristi“ (*Teachings of Presidents of the Church: Wilford Woodruff*, (2004) bls. 49).

Opinberun veitir svör á neyðarstundum

Heilagur andi er þriðji meðlimur Guðdómsins, hann ásamt föðurnum og syninum veit alla hluti (sjá K&S 35:19; 42:17). Hann gegnir nokkrum mikilvægum hlutverkum, fyrst og fremst kennir hann og vitnar um föðurinn og soninn (sjá 3 Ne 28:11). Önnur hlutverk hans eru að opinbera sannleiksgildi allra hluta (sjá Móro 10:5) og að leiða til góðra verka (sjá K&S 11:12).

Thomas S Monson forseti er gott dæmi um það mikilvæga hlutverk að vera leiddur til góðra verka. Hann fylgir fordæmi frelsarans sem „gekk um, gjörði gott“ (Post 10:38). Hann hefur kennt mikilvægi þess að hunska ekki andlegan innblástur frá heilögum anda um að heimsækja einhvern, veita honum eða henni liðsinni og koma til bjargar.

En stundum er enginn eins og Monson forseti til þjónustu reiðbúinn þegar á þarf að halda, enginn heimiliskennari, engin kærleiksrík systir. Við slíkar aðstæður hef ég fundið huggun og leiðsögn frá huggaranum, sem er enn eitt hlutverk heilags anda (sjá K&S 36:2).

Barnabarn okkar, Quinton, fæddist með nokkra fæðingargalla og lifði í tæpt ár. Á þeim tíma var hann oft á sjúkrahúsi. Á þessum tíma bjuggum við hjónin í Argentínu. Okkur langaði virkilega að vera hjá börnum okkar til að hugga þau og fá huggun frá þeim. Þetta var barnabarn okkar sem við elskuðum og okkur langaði til að vera nálægt því. Við gátum einungis beðið og það gerðum við innilega!

Systir Jensen og ég vorum í trúboðsferð þegar við fréttum um andlát Quintons. Við stóðum á gangi eins samkomuhússins og föðmuðum og hugguðum hvort annað. Ég ber ykkur vitni um að fullvissu fengum við frá heilögum anda, frið sem er æðri öllum skilningi og sá friður er enn til staðar í dag (sjá Fil 4:7). Við urðum einnig vitni að ólýsanlegri gjöf heilags anda í lífi sonar okkar, tengdadóttur og barna þeirra, sem fram á þennan dag tala um þetta tímabil af mikilli trú, friði og huggun.

Opinberun og Mormónsbók

Sama gjöf opinberunar hefur haft áhrif á vitnisburð minn um Mormónsbók. Ég hef lesið, numið, leitað í og endurnærst af Mormónsbók aftur og aftur Heilagur andi hefur opinberað mér sannleiksgildi hennar og guðdómleika.

Gordon B. Hinckley forseti sagði Mormónsbók vera eina af fjórum hornsteinum kirkjunnar. Hinir eru Fyrsta sýn Josephs Smith, endurreisn prestdæmisins og að sjálfsgöðu vitnisburður okkar um Jesú Kristi, sem er hyrningarsteinninn (sjá Ef 1:19–21). „Þessar fjórar gjafir frá Guði,“ útskýrir hann, „eru hinir óhagganlegu hornsteinar sem veita Kirkju Jesú Kristi hinna Síðari daga heilögu, sem og persónulegum vitnisburðum þegna kirkjunnar, festu“ („Four Cornerstones of Faith“, *Liahóna*, febrúar 2004, 7).

Þessar fjórar gjafir frá Guði hafa orðið að akkeri fyrir trú mína og vitnisburð, hver þeirra hefur verið staðfest með opinberun frá heilögum anda. Mig langar hins vegar í nokkrar mínútur að fjalla um tvær af þessum hornsteinagjöfum – Fyrstu sýnina og Mormónsbók. Það er mikilvægt að veita því athygli að báðar gjafirnar hefjast í fjölskylduumgjörð, þar sem börnin eru fædd af góðum foreldrum sem veittu þeim kjarngóða kennslu (sjá 1 Ne 1:1). Atburðir í lífi Lehís og Josephs Smith eru hliðstæðir (sjá 1 Ne 1 og JS–S 1):

- Báðir hafa ákveðna þörf. Lehí hefur þörf fyrir bjarga sér og fjölskyldu sinni frá yfirvofandi eyðingu Jerúsalem og þörf Josephs Smith er að vita hvaða kirkja er sönn.
- Báðir biðja.
- Báðir sjá sýn þar sem faðirinn og sonurinn birtast.
- Báðum er gefin bók.
- Báðir prédika.
- Báðir hljóta opinberun frá heilögum anda og með sýnum og draumum.
- Og að lokum ógnaði ranglátt fólk báðum. Lehí og fólki hans tekst að komast undan og lifa af. Joseph deyr píslarvættisdauða.

Er nokkur furða að trúboðarnir bjóði einlægum leitendum sannleikans að hefja nám sitt í Mormónsbók á 1. Nefí? Bókin er *þrungin* af anda Drottins. Það eru skýr skilaboð í þessum fyrstu kaþítulum að opinberun og heilagur andi eru ekki aðeins gefin spámönnum heldur feðrum, mæðrum og börnum.

Boðskapurinn um opinberun og heilagan anda heldur áfram út alla Mormónsbók. Sannleikur þessi er dreginn saman með orðum spámansins Josephs Smith: „Takið Mormónsbók og opinberanirnar í burtu, og hvar er þá trú okkar? Við höfum enga“ (*Kenningar forseta kirkjunnar: Joseph Smith* [2007], 193). Vitnisburður okkar um Mormónsbók, sem er veittur okkur með opinberun, veitir okkur, sem Síðari daga heilögum, fullvissu um að þessi trúarbrögð og kenningarnar eru sannar (sjá inngang Mormónsbókar).

Það sem er andans er heilagt og erfitt er að tjá það. Við, eins og Ammon, lýsum yfir: „Ég get aðeins lýst broti af því, sem mér býr í brjósti“ (Alma 26:16).

Hinsvegar vitna ég að heilagur andi er raunverulegur og hann er sá sem vitnar, opinberar, huggar, leiðir og er guðlegur kennari.

Ég ber auðmjúklega vitni um að þessi sanna og lifandi kirkja, þessi trúarbrögð, hvílir á þessum fjórum hornsteinum. Ég vitna um að Jesús Kristur er í raun hyrningarsteinninn (sjá Ef 2:19–21). Thomas S. Monson forseti er spámaður Drottins og þessir fimmtán menn sem sitja hér fyrir aftan mig eru spámenn, sjáendur, postular og opinberarar. Þeir hafa hið heilaga prestdæmi og lykla ríkisins. Ég ann þeim og heiðra og styð þá. Í nafni Jesú Krists, amen.